



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til umsagnaraðila

14. nóvember 2014

Tilvísun: 2014110010

Efni: Umræðuskjal nr. 13/2014 vegna leiðbeinandi tilmæla um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. reglur nr. 670/2013 um sama efni.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 13/2014 vegna leiðbeinandi tilmæla um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. reglur nr. 670/2013.

Svo sem nánar greinir í inngangi meðfylgjandi umræðuskjals eru með tilmælunum settar fram leiðbeiningar og nánari útfærslur á ákvæðum reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Við gerð umræðuskjalsins var ákveðið að auka samstarf við fulltrúa hagsmunaaðila, þ.e. Samtök fjármálafyrirtækja, og veita þeim kost á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi efni tilmælanna fyrr en áður hefur verið gert. Voru fyrstu drög að umræðuskjalinu því send SFF til umsagnar þegar eftir að þau lágu fyrir. Í kjölfar móttöku athugasemda og ábendinga SFF fór fram umræða milli eftirlitsins og samtakanna um drögin og efni þeirra.

Afrakstur þessa má finna í meðfylgjandi umræðuskjali sem nú er sent til umsagnar á fjármálamarkaði.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á meðfylgjandi umsagnareyðublaði. Umræðuskjalið og umsagnareyðublaðið má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is

Þess er óskað að umsagnir berist eigi síðar en mánudaginn 1. desember nk.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Valdimar Gunnar Hjartarson